

Framgangur áætlunar um losun fjármagnshafta

Greinargerð skv. 2. mgr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 87/1992 sbr. lög nr. 16/2013 frá Alþingi

Greinargerð þessi er birt af fjármála- og efnahagsráðherra skv. lögum nr. 87/1992 m.s.br.

[Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. málslíð skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.]

Fjármagnshöftum var komið á haustið 2008 þegar Ísland stóð frammi fyrir banka- og gjaldeyrishruni. Höftin voru lyklatríði í efnahagsáætlun Íslands sem unnin var í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en að henni lokinni hefur losun haftanna eitt af helstu markmiðum efnahagsstefnu stjórnvalda. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir „[e]itt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar verður að vinna að afnámi fjármagnshafta en þau bjaga eignaverð og draga úr samkeppnishæfi þjóðarinnar“.

Fjármagnshöftin hafa í grunninn þjónað þeim tilgangi að takmarka óhóflegt fjármagnsflæði úr íslenska hagkerfinu sem gæti valdið óstöðugleika í fjármálakerfinu og óviðráðanlegum gengisveiflum. Vöru- og þjónustuviðskipti við útlönd hafa verið óheft, þar á meðal greiðslukortaviðskipti á ferðalögum erlendis.

Fjármagnshreyfingar milli landa eru heimilar í þeim tilfellum þar sem greiða þarf samningsbundnar greiðslur, arð eða vexti, þó með nokkrum undantekningum til að koma í veg fyrir sniðgöngu.

Höftin hindra að mestu gjaldeyrisfærslur og fjármagnshreyfingar á milli Íslands og annarra landa svo sem fjármálagemingum í erlendri mynt sem lúta að kaupum á fasteignum og öðrum eignum. Til dæmis er fjárfesting í innlendum skuldabréfum óheimil, séu þau gefin út í erlendri mynt.

Losun hafta

Í október 2009 var tekið fyrsta skrefið til losunar haftanna, þegar heimilað var að flytja fjármagn úr landi, þar sem um ræðir nýfjárfestingar á Íslandi sem gerðar voru eftir október 2009. Frekari aflétting hafta hefur átt sér stað með rýmkun á tilteknum heimildum sem fyrst og fremst hafa verið miðaðar að minni fyrirtækjum og einstaklingum. Hinn 5. ágúst 2009 var lögð fram áætlun um afnám hafta sem unnin var af Seðlabanka Íslands með tæknilegri aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Á þeim tíma var óljóst hvort hægt yrði í náinni framtíð að uppfylla þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að leysa megi fjármagnshöftin án þess að stefna stöðugleika á gjaldeyrismarkaði í tvísýnu. Því var áætlunin ekki tímasett heldur var framgangur hennar háður ákveðnum skilyrðum.

Ríkisstjórnin samþykkti í mars 2011 nýja áætlun um losun fjármagnshafta, sem unnin var af Seðlabanka Íslands í samráði við önnur stjórnvöld, erlendan ráðgjafa og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Áætlunin skiptist í tvo áfanga. Markmið í fyrri áfanga er að lækka stöðu aflandskróna, en í seinni áfanga að losa höft á aðrar krónur.

Eins og með fyrri áætlunina, þá er núgildandi áætlun ekki tímasett heldur tekur framgangur hennar mið af þjóðhagslegum skilyrðum sem þurfa að vera til staðar við afnám. Í fyrsta lagi þarf að tryggja

þjóðhagslegan stöðugleika, fjármálastöðugleika og nægilegan gjaldeyrisforða. Í öðru lagi þarf undirliggjandi afgang af viðskiptum við útlönd, stöðugt gengi krónunnar án stuðningsinngripa ásamt því að verðbólga sé við markmið sitt. Í þriðja lagi þarf ríkisjóður að halda áætlun um afgang og aðgangur hans að erlendum lánsfjármörkuðum þarf að vera til staðar. Í fjórða lagi þarf fjármálakerfið að ráða við lausafjáráhrif vegna afnáms hafta og bankarnir þurfa að hafa aðgang að traustri fjármögnun.

Aðgerðir samkvæmt fyrri áfanga áætlunarinnar eru: (1) útboð erlends gjaldeyris fyrir aflandskrónur, þ.e. (a) útboð erlends gjaldeyris til kaupa á aflandskrónum til að fjárfesta í löngum skuldabréfum ríkissjóðs, og (b) útboð erlends gjaldeyris til kaupa á aflandskrónum til fjárfestingar í innlendu hlutfé, skuldabréfum eða öðrum innlendum eignum; (2) heimflutningur aflandskróna sem þegar eru í eigu aðila sem vilja fjárfesta í íslensku atvinnulífi að því tilskildu að þeir leggi til 50% af fjárfestingunni í erlendum gjaldeyri sem skipt er á innlendum gjaldeyrismarkaði á almennu gengi; og (3) skuldabréfaskipti og útgönguálag sem kemur til framkvæmda samkvæmt áætluninni þegar fyrrgreindar aðgerðir hafa skilað tilætluðum árangri.

Annar áfangi áætlunarinnar felst í losun fjármagnshafta á aðrar krónueignir og kemur til framkvæmda þegar fullnægjandi árangri við lausn aflandskrónuvandans hefur verið náð. Miðað var við að þessi áfangi yrði hugsanlega innleiddur í skrefum.

Áætlun sú sem kynnt var í mars 2011 var samin þegar ekki hafði náðst full yfirsýn yfir þann vanda sem við var að eiga og umfang vandans var að mörgu leyti enn. Mikið hefur áunnist í að styrkja þessa yfirsýn og hefur Seðlabankinn fjallað ítarlega um valkosti í gjaldmiðils- og gengismálum¹, peningastefnu eftir höft², varúðarreglur³ og erlenda stöðu þjóðarbúsins⁴.

Gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands

Gjaldeyrisútboð ríkisskuldabréfa hófust sumarið 2011, en fyrsta útboðið samkvæmt fjárfestingaleiðinni var haldið í febrúar 2012. Alls hafa verið haldin fimmtán útboð ríkisskuldabréfa og þrettán útboð hafa verið haldin í tengslum við fjárfestingarleiðina. Á grundvelli útboðsverðsins í hverju tilfelli og skráðs meðalgengis Seðlabankans á sama degi hafa fjárfestar fært alls um 50,3 milljarða kr. inn í landið með útboðum samkvæmt ríkisskuldabréfaleiðinni og rúmlega 124 milljarða samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Um þriðjungur hefur farið gegnum innlandan gjaldeyrismarkað, þar sem 50% af þeirri fjárhæð sem fjárfest er fyrir samkvæmt fjárfestingarleiðinni verður að breyta í íslenskar krónur á gengi sem ákvarðast á innlendum gjaldeyrismarkaði. Í byrjun september 2013 höfðu gjaldeyrisútboðin veitt til Íslands fjárfestingum sem jafngiltu um það bil 10,5% af vergri landsframleiðslu ársins 2012. Um 43% af fjármagnsinnstreyminu af völdum fjárfestingarleiðarinnar hafa verið fest í skuldabréfum, um 43% í hlutabréfum, 13% í fasteignum og um 1% í verðbréfasjóðum. Þegar greint er á milli innlendra og erlendra aðila sem tóku þátt í útboðunum kemur í ljós að 36%

¹ <http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/EMU-sk%C3%BDrsla/Valkosti%20%C3%8Dslands%20%C3%AD%20gjaldmi%C3%B0ils-%20og%20gengism%C3%A1lum.pdf>

² <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8493>

³ [http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%206%20_Var%C3%BA%C3%B0arreglur%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%206%20_Var%C3%BA%C3%B0arreglur%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁴ [http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%209%20_Undirliggjand%20erlend%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%209%20_Undirliggjand%20erlend%20-%20Copy%20(1).pdf)


heildarfjárhæðarinnar koma frá innlendum og 64% frá erlendum fjárfestum. Við þessa greiningu eru erlend fyrirtæki í eigu íslenskra aðila flokkuð sem innlendir fjárfestar.

Að auki hafa verið haldin fjórtán útboð þar sem leitað er tilboða frá aðilum sem vilja selja krónueignir sínar í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri sem er undanþeginn skilaskyldu. Árið 2011 voru haldin tvö slík útboð á genginu 210 krónur á evru. Verðið hélst nokkuð stöðugt árið 2012, eða 240 krónur á evru, en það hefur lækkað á árinu 2013. Í síðasta útboðinu, sem var haldið í byrjun september 2013, var útboðsverðið 224 krónur á evru. Í útboðunum fjórtán hafa alls 317 milljarðar kr. verið boðnir til sölu, en þar af hefur Seðlabankinn keypt um 104 milljarða kr.

Útboðsverð er ákveðið að afloknum útboðunum þremur á útboðsdegi. Magn þeirra króna sem keyptar eru fyrir erlendan gjaldeyri ræðst af magni þess erlenda gjaldeyris sem boðinn er til sölu til kaupa á löngum ríkisskuldabréfum og til fjárfestinga í fjárfestingaleiðina. Þannig er áhrifum útboðanna á gjaldeyrisforðann haldið í lágmarki. Útboðsdagsetningar eru tilkynnar með fyrirvara og verða næstu útboð 15. október og 3. desember 2013.

Umtalsverð þátttaka hefur verið í útboðum Seðlabanka Íslands. Þannig hafa fjárfestar sem vilja fara út og fjárfestar sem vilja fjárfesta á Íslandi til langs tíma getað skipst á fjármunum án þess að það hafi áhrif á viðskiptagengi Íslands. Eins og sjá má hér að neðan, þá hefur umfang aðgerðanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið umtalsvert, t.a.m. nemur heildarmagn langtímafjárfestinga innanlands um 17% af VLF. Þar af hafa fjárfestingar fyrir tæpum 10% af VLF komið til eftir að Seðlabankinn hóf útboð í samræmi við áætlun um afnám hafta árið 2011.

Mynd 1. Þróun aflandskróna: heildarmagn selda krónueigna og langtímafjárfestingar




Umfang vandans

Mögulegt útlæði fjármagns frá íslenska hagkerfinu þegar fjármagnshöftum er aflétt má flokka þannig: 1) útlæði vegna krónueigna erlendra aðila, sem kallaðar eru aflandskrónur; 2) útlæði vegna uppgjörs hinna föllnu banka; 3) útlæði krónueigna innlendra aðila (t.d. lífeyrissjóða) eftir að höftum hefur verið aflétt; 4) endurfjármögnunarvandi innlendra aðila með erlendar skuldir. Síðasti þátturinn er óháður núverandi höftum. Ef afnám fjármagnshafta færi fram með óskipulögðum hætti gæti samspil ofangreindra þátta valdið óstöðugleika og grafið undan efnahags- og fjármálastöðugleika.

Aflandskrónur

Upphæð aflandskróna nam 341 .kr. (20% af VLF) í lok júlí 2013. Þar af voru innstæður 141 ma.kr., ríkisskuldabréf um 200 ma.kr. og verðtryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs (HFF) um 17 ma.kr. Um þriðjungur af ríkispappírnum er til skemmri tíma en 2016, annar þriðjungur er á gjalddaga 2016 og að lokum er um þriðjungur með gjalddaga 2019 eða síðar. Með útboðum Seðlabankans hefur markvisst verið hleypt út erlendum skammtíma fjárfestum í aflandskrónum og þar með dregið úr þeim hluta aflandskróna sem eru í höndum þeirra sem vilja innleysa fjárfestingu sína nær óháð gengi. Heildarmagn aflandskróna hefur lækkað um tæp 7% af VLF frá því að áætlun um afnám hafta var kynnt. Samhliða þessari lækkun hefur samsetning þessara eigna breyst verulega. Meirihluti lækkunarinnar hefur verið í innstæðum en erlendir aðilar hafa einnig aukið líftíma eigna sinna í skuldabréfum ríkissjóðs. Líftími þess hluta aflandskróna sem er í innstæðum og skuldabréfum ríkissjóðs hefur lengst úr tæplega einu ári í rétt rúm 2 ár, enda dregið úr framboði á stuttum ríkispappírnum. Erfitt er að meta kvikleika aflandskróna sem eftir standa. Áhugi fjárfesta á því að selja fjárfestingar sínar ræðst fyrst of fremst af því gengi sem þeim býðst hverju sinni og gæti aukist verulega með lækkun aflands gengis. Ólíklegt er að honum verði öllum skipt hratt í gjaldeyri heldur muni verulegur hluti fjárfesta halda aflandskrónu fjárfestingum sínum eftir losun hafta. Nú er álandsgengið 37% sterkara en síðasta útboðsgengi. Hvati til að skipta krónum yfir í erlendan gjaldeyri yrði þó mikill yrðu höftin losuð við aðstæður þar sem munur aflands- og álandsgengis inn væri á móta og nú er.

Mynd 2. Veginn líftími ríkisbréfa og innlána erlendra aðila



Heimild: Seðlabanki Íslands

Hinir föllnu bankar

Áætlað er að við slitameðferð hinna föllnu banka gæti þurft að greiða allt að 900 ma.kr. til erlendra aðila, sem eru u.þ.b. 95% af kröfuhöfum föllnu bankanna, ef söluandvirði innlendra eigna er metið á bókfærðu verði. Á móti myndu um 100 ma.kr. af erlendum eignum koma í hlut innlendra aðila. Stærsta einstaka innlenda staðan snýr að skuldabréfi milli nýja og gamla Landsbankans, sem nemur um 300 mö.kr. í erlendum gjaldeyri, sem greiða ber á árunum 2014-2018. Semja þarf um skilmálabreytingar á skuldabréfinu til að til að tryggja að endurgreiðsluferillinn verði ekki of þungur fyrir greiðslujöfnuð Íslands. Eru viðræður um skilmálabreytingar að hefjast milli slitastjórnar Landsbankans og Landsbanka Íslands.

Auk þess eru um 400 ma.kr. sem eiga sér aðrar rætur. Þessari fjárhæð má skipta í tvennt; annars vegar laust fé sem áætlað er að falli til yfir nokkurra ára tímabil, og hins vegar u.þ.b. 210 ma.kr. eignarhluta (bókfært virði) í nýju bönkunum, Arion banka og Íslandsbanka. Sala á þessum eignarhlutum gætu þrýst gengi krónunnar niður ef nýir (innlendir) fjárfestar keyptu gjaldeyri til þess að greiða fyrir hlutina eða við greiðslu til kröfuhafa fái þeir greitt í krónum sem fjárfestar hafa greitt fyrir hlutina. Ef hlutimir verða seldir fyrir gjaldeyri til erlendra aðila mun þrýstingur koma fram yfir lengri tíma þegar bankarnir greiða arð til erlendra eigenda sinna.

Innlendir aðilar

Erlendar eignir lífeyrissjóða, sem eru stærstu fjárfestar á Íslandi, nema u.þ.b. 23% af heildareignum sjóðanna. Fjárfesting þeirra erlendis þyrfti að aukast um 10% af landsframleiðslu eigi þær að ná sama

hlutfalli og fyrir bankahrun. Hins vegar ber að nefna að erlendar fjárfestingar voru um 15% af heildareignum sjóðanna fyrir áratug. Lögbundið þak á gjaldeyrisáhættu lífeyrissjóðanna nemur nú 50% af heildareignasöfnum þeirra. Til skoðunar er að setja tímabundnar hömlur á erlendar fjárfestingar sjóðanna með varúðarreglum eftir að höftum hefur verið aflétt. Slíkar reglur draga hins vegar úr áhættudreifingu sjóðanna.

Starfsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sendu frá sér í ágúst grein sem mat mögulega skiptingu eigna þjóðarbúsins milli innlendra og erlendra eigna m.a. með tilliti til áhættudreifingar. Matið var gert annarsvegar út frá væntri ávöxtun eigna og staðalfráviki þeirra í Bandaríkjadöllum og hins vegar út frá þróun erlends sparnaðar í Skandinavíu á árunum 2004-2011. Greinarhöfundar töldu að á árunum eftir losun hafta gætu innlendir sparifjáreigendur kosið að flytja sem nemur 30-45% af landsframleiðslu ársins 2011 úr innlendum sparnaði í erlendan sparnað, þar af um helmingur á vegum lífeyrissjóðanna. Ástæða er að gera fyrirvara við slíkar viðmiðanir þar sem að jafnaði er rík tilhneiging á meðal fjárfesta til að láta innlendir eignir í eignasöfnum vega hlutfallslega þungt a.m.k. ef vænst er sæmilegs stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Undirstrikar þessi óvissa um stærðargráðu útlæðis vegna innlendra aðila þó mikilvægi þess að áætlun um losun fjármagnshafta taki áfram mið af aðstæðum og að höftin verði losuð í skrefum, en ekki í einu vetfangi.

AGS mælir með á grundvelli greinarinnar að stjórnvöld íhugi „hraðatakmarkanir“ á útlæði fjármagns, ekki aðeins fyrir lífeyrissjóðina, heldur einnig fyrir hagkerfið í heild, að minnsta kosti fyrstu árin eftir að losun fjármagnshafta hefst. Fjármála- og efnahagsráðuneytið skoðar möguleika á slíkum hraðatakmarkunum samhliða athugun á öðrum varúðarreglum sem beita mætti eftir afnám hafta.

Endurgreiðslur og endurfjármögnun lána

Stór þáttur í greiðslujafnaðarvanda Íslands er takmarkaður aðgangur innlendra aðila með erlendar skuldir að erlendum lánsfjármörkuðum á sjálfbærum kjörum. Þessi vandi er að minnsta kosti að hluta til óháður fjármagnshöftunum. Meðal þessara aðila eru sveitarfélög eða fyrirtæki í þeirra eigu, en þau munu endurgreiða um 120 ma.kr. á næstu sex árum.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans var um 540 ma.kr. (32% af VLF) í lok árs 2012 og er að mestu fjármagnaður með lánsfé. Í skjóli hafta er forðinn rúmur, eða um 190% af skammtímaskuldum þjóðarbúsins. Væru höftin hins vegar afnumin við núverandi aðstæður og forðinn notaður til að endurfjármagna hagkerfið myndi endurfjármögnunaráhætta geta færst yfir á ríkissjóð. Ljóst er því að Ísland stendur frammi fyrir greiðslujafnaðarvanda á næstu árum. Verulegur þrýstingur yrði á gengi krónunnar ef höftum yrði aflétt án þess að þessi vandi verði leystur.

Skipulagsuppbygging áætlunarinnar

Skipulag verkefnisins um losun fjármagnshafta hefur verið með þeim hætti að stýrinefnd hefur farið með yfirstjórn þess og samráðsnefnd unnið í umboði hennar. Undir samráðsnefndinni hafa starfað fjórir vinnuhópar. Utan þessa formlega skipulags hafa síðan starfað tvær nefndir. Hér á eftir verður nánari grein fyrir þessu skipulagi.

Stýrinefnd

Yfirstjórn verkefnisins hefur verið í höndum stýrinefndar, sem ráðherra fjármála- og efnahagsmála leiðir. Aðrir fulltrúar í stýrinefnd hafa verið ráðherra atvinnu- og nýsköpunarmála, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Nefndarfundir hafa jafnframt setið embættismenn úr Seðlabanka og ráðuneytum, þ.m.t. úr forsætisráðuneyti.

Samráðsnefnd

Samráðsnefnd hefur verið framkvæmdanefnd skipuð embættismönnum úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu. Hún hefur verið samræmingarvettvangur á milli stýrinefndar og vinnuhópa sem fást við að leysa verkefni tengd áætluninni. Hún hefur borið ábyrgð á að miðla ákvörðunum stýrinefndar til vinnuhópa og sjá til að verkefnum sé fylgt eftir til samræmis við þær.

Ad-hoc nefnd

Svonefnd Ad-hoc nefnd hefur verið skipuð fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins, framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, með aðkomu fulltrúa Evrópska Seðlabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og utanaðkomandi sérfræðings. Fyrir liggja drög að skýrslu en henni hefur ekki verið lokið.

Nefnd þingflokka

Þingflokkanefndin hefur verið samráðsnefnd um losun hafta skipuð fulltrúum þeirra stjórnmalaflokka sem áttu sæti á þingi á síðasta kjörtímabili, en skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur veitt nefndinni formennsku. Nefndin hefur gegnt hlutverki við að skapa samstöðu þvert á stjórnmalaflokka um mikilvægar ráðstafanir og veitt losunarferlinu aðhald.

Nefndin hefur litið til nauðasamningaferlis föllnu bankanna og undirstrikað mikilvægi þess að ferlið styðji við varlega losun hafta. Þessi afstaða kom skýrt fram í bréfi sem nefndin sendi formönnum stjórnmalaflokkanna í desember 2012. Í bréfinu færði nefndin rök fyrir því að ákvörðunum um nauðasamninga föllnu bankanna yrði frestað þar til heildstæð áætlun um losun hafta liggja fyrir. Jafnframt lagði nefndin til að sólarlagsákvæðið svokallaða yrði fellt úr lögum um gjaldeyrismál, en það kvað á um að höftunum yrði aflétt í lok árs 2013. Í stað þessa tímafrestar yrði losun hafta háð efnahagslegum skilyrðum. Tillögur nefndarinnar fengu stuðning allra stjórnmalaleiðtoga og var gjaldeyrislögunum breytt á Alþingi í mars 2013 með einróma samþykki til að koma til móts við tillögurnar.

Nefndin sendi annað bréf sitt til formanna stjórnmalaflokkanna 5. apríl 2013, skömmu fyrir kosningar. Var sú afstaða ítrekuð að pólitísk samstaða um málið hafi styrkt stöðu stjórnvalda og breytt viðhorfi erlendra kröfuhafa í þrotabú föllnu bankanna. Mikilvægt sé að samstaða um heildarlausn á málinu haldi og hvatti nefndin því til þess að leitað yrði liðsinnis utanaðkomandi/erlendra sérfræðinga til að tryggja yfirsýn yfir afnámsferlið í heild.

Horfur um losun fjármagnshafta

Nokkur árangur hefur náðst við að lækka krónuinnstæður erlendra aðila í innlendum innlánsstofnunum í gegnum gjaldeyrísútboð Seðlabankans. Ef þátttaka í útboðunum verður svipuð og verið hefur gætu þessar innstæður erlendra aðila verið orðnar hverfandi innan eins til tveggja ára að öðru óbreyttu.

Forsenda þess að hægt sé að taka tímasett skref í átt til losunar fjármagnshafta er að fundist hafi lausn á þeim greiðslujafnaðarvanda sem einkum tengist slitum búa fallinna fjármálafyrirtækja. Í slíkri lausn myndi felast annars vegar lenging skuldabréfa á milli gamla og nýja Landsbankans og hins vegar sala á eignarhlutum Glitnis og Kaupþings í Íslandsbanka og Arionbanka með hætti sem ekki veldur ójafnvægi í greiðslujöfnuði. Lausn þessara mála eru forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar.